# Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

# VERKEFNAÁÆTLUN 2018-2020

**22. mars 2018**

**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið**

## 1. INNGANGUR

Hér er lögð fram verkefnaáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vegna áranna 2018-2020. Þessi þriggja ára verkefnaáætlun er unnin samhliða fyrstu 12 ára stefnumarkandi landsáætlun.

Hér er einnig gerð grein fyrir því fjármagni sem ráðstafað hefur verið til áætlunarinnar á árunum 2018-2020.

Með þessari áætlun er tekist á við gríðarlega, uppsafnaða þörf fyrir innviðauppbyggingu á ferðamannastöðum, -leiðum og -svæðum og inni í því aukin landvarsla. Lagt er til að meginþorri fjármuna landsáætlunar næstu þrjú árin renni til slíkra verkefna. Jafnframt er vaxandi þörf á fjármagni til viðhalds og rekstrar þeirra innviða sem byggðir hafa verið.

Vert er að nefna að með þessum tillögum og fjármagni er einungis hægt að koma til móts við takmarkaðan hluta þeirra staða og verkefna sem óskað var eftir og verkefnisstjórn telur þörf á. Jafnframt er einungis hægt að ráðast í takmarkaðan hluta nauðsynlegra innviðaverkefna á nær öllum þeim stöðum sem áhersla er lögð á, svo og landvörslu. Þessi verkefni munu því ekki ljúka uppbyggingu staða, heldur ná einungis til mjög afmarkaðra innviða innan viðkomandi staðar.

## 2. ÁÆTLUN UM FJÁRMÖGNUN

Í fjárlögum 2018 er ótímabundin fjárveiting til landsáætlunar sem nemur 660 m.kr. Jafnframt hefur ferðamálaráðherra ákveðið að leggja til sérstakt 100 m.kr. framlag til tiltekinna verkefna á áætluninni vegna ársins 2018.

Þannig hljóðar þriggja ára verkefnaáætlun upp á 2.080 m.kr. til verkefna í samræmi við ákvæði laga nr. 20/2016 (Tafla 1).

**Tafla 1. Fjármögnun landsáætlunar 2018-2020.**

| **Ár** | **Fjárlög m.kr.** | **Sérstakt framlag m.kr.*** | **Samtals m.kr.** |
|---|---|---|---|
| 2018 | 660 | 100 | 760 |
| 2019 | 660 | | 660 |
| 2020 | 660 | | 660 |
| **Samtals** | | | **2.080** |

*sérstök fjárveiting til Dynjanda og Geysis

## 3. TILLAGA AÐ RÁÐSTÖFUN

Verkefnisstjórn gerir tillögu að eftirfarandi ráðstöfun fjármuna vegna áranna 2018-2020:

Langstærsti hluti fjármagveitingar landsáætlunar fer til uppbyggingar ýmiskonar efnislegra innviða á 71 skilgreindum ferðamannastað og einni ferðamannaleið. Er gert ráð fyrir um 1.490 m.kr. til slíkra verkefna. Gert er ráð fyrir fjárveitingum til landvörslu sem nemur 320 m.kr. sem bætist við þá landvörslu sem fyrir er á vegum stofnana ríkisins. Nánar er gerð grein fyrir ráðstöfun fjármuna til innviða og landvörslu í kafla 5.

Landsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir ýmsum óstaðbundnum verkefnum sem eiga að gagnast öllum stöðum, með því að stuðla að samræmingu og aukinni fagmennsku. Kostnaður við þau nemur um 20 m.kr. árlega. Gerð er grein fyrir þeim áherslum í kafla 4.

Jafnframt er lagt upp með að um 10% fjármagnsins, eða um 200 m.kr. af því sem áætlað er árin 2019 og 2020, sé ekki ráðstafað strax. Er þeim hluta ætlað að mæta óvæntum áskorunum á núverandi stöðum eða nýjum svæðum sem hugsanlega gætu þurft fjárveitingu á seinni árum áætlunarinnar. Mun verkefnisstjórn, í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, gera árlega upp stöðu verkefna á áætluninni og þá jafnframt óska eftir tillögum um viðbótarverkefni eftir því sem þörf krefur. Þannig er gert ráð fyrir að endurskoða verkefnaáætlunina að ári og gefa þá út verkefnaáætlun 2019-2021.

**Tafla 2. Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2018-2020**

| **Verkefni 2018-2020** | **Fjármunir milljónir kr.** |
|---|---:|
| Efnislegir innviðir | 1.490 |
| Landvarsla | 320 |
| Óstaðbundin verkefni | 60 |
| Óráðstafað vegna 2019/2020 | 200 |
| **Samtals** | **2.080** |

## 4. ÓSTAÐBUNDIN ÁHERSLUVERKEFNI 2018-2020

Lagt er til fjármagn til nokkurra óstaðbundinna áhersluverkefna á áætluninni vegna ársins 2018-2020. Slík verkefni eiga að ná fram markmiðum laganna, án þess að tengjast beint tilteknum stöðum. Verkefnisstjórn mun vinna að útfærslu þessara verkefna með viðkomandi ábyrgðaraðilum. Gera má ráð fyrir því að óstaðbundin áhersluverkefni verði fleiri en þau fjögur verkefni sem tilgreind eru í töflu 3. Til ráðstöfunar eru samtals um 60 m.kr. til slíkra verkefna.

**Tafla 3. Óstaðbundin áhersluverkefni 2018-2020**

| **Verkefni** | | **Markmið** | **Aðilar** |
|---|---|---|---|
| 1 | Aukin fagþekking við innviðauppbyggingu, s.s. lagningu göngustíga | Að efla fagþekkingu þeirra aðila sem vinna að uppbyggingu innviða. Með því er hægt að auka gæði innviðauppbyggingar, draga úr hættu á ónauðsynlegu raski og nýta fjármagn betur. | Samstarf ýmissa stofnana og aðila |
| 2 | Hönnun, yfirbragð og staðsetning efnislegra innviða | Að auka fagþekkingu á sviði hönnunar innviða í náttúrunni þannig að þeir falli sem best að landslagi og stuðli að jákvæðri upplifun gesta. | Samstarf ýmissa stofnana og aðila |
| 3 | Miðlun og merkingar | Að samræma yfirbragð miðlunar og merkinga milli aðila sem bera umsjónarlega ábyrgð. | Samstarf ýmissa stofnana og aðila |
| 4 | Tilraunaverkefni um ráðgefandi vöktun á ástandi náttúru og menningarminja á völdum ferðamannastöðum | Að til verði aðferðafræði og þekking á að vakta minjar á ferðamannastöðum í náttúrunni til að bæta ákvarðanatöku við verndaraðgerðir/uppbyggingu og hjálpa til við forgangsröðun verkefna. | Samstarf ýmissa stofnana og aðila |

## 5. TILLÖGUR UM ÁHERSLUR ÁRIN 2018-2020

### 5.1. Ferðamannastaðir

Í þessum hluta verður gefið yfirlit yfir ferðamannastaði í þessari fyrstu verkefnaáætlun og þeir sýndir á landshlutakortum. Með töflum er sýnt hver verndarflokkun[1] þeirra er og hvort gerð sé tillaga að uppbyggingu, verndaraðgerðum, viðhaldi, öryggisaðgerðum, skipulagsvinnu, greiningarvinnu, o.s.frv. Í *afmarkaðri uppbyggingu* felast yfirleitt aðgerðir sem vernda ferðamannastað og gera betur í stakk búinn til að taka á móti gestum, t.d. með afkastameiri innviðum eða aukinni grunnþjónustu; í *verndaraðgerðum* felast yfirleitt aðgerðir til að lagfæra eða draga úr tjóni sem hlýst af álagi sem staðurinn verður fyrir; í *greiningarvinnu* getur falist áætlanagerð fyrir stað sem ekki snýr beint að skipulagi eða hönnun.

Í verkefnaáætlun kemur fram hvar ráðast eigi í framkvæmdir næstu þrjú árin á grunni forgangsröðunar sem lýst er í stefnumarkandi landsáætlun og í samræmi við fjármögnun áætlunarinnar. Áætlunin verður tekin upp að nýju árið 2019 og verða þá staðir endurskoðaðir í takt við þætti eins og þróun álags og ástandsmat. Gert verður ráð fyrir sveigjanleika varðandi nýja staði og verkefni svo bregðast megi við ófyrirséðu álagi og/eða skemmdum af völdum aukins fjölda gesta á tilteknum stöðum.

Hefðbundnir fyrirvarar eru settir um breyttar forsendur á innleiðingartíma áætlunarinnar hvað varðar staði, verkefni, fjármögnun og aðra þætti sem lúta að eignarhaldi og samningum um framkvæmd verkefna. Auk þess er gerður fyrirvari um að tillögur að uppbyggingu séu í samræmi við skipulagsáætlun og stjórnunar- og verndunaráætlanir um viðkomandi stað.

Unnið verður að nánari útfærslu verkefna og verkáætlana í samvinnu við viðkomandi umsjónaraðila.




Mynd 1: **Skipting svæða í landsáætlun**. Skipting byggir á svæðum landshlutasamtaka og er hún höfð til hliðsjónar við skipulag landvörslu og uppbyggingu efnislegra innviða. Suðurnes og höfuðborgarsvæðið eru sameinuð í eitt svæði.

[1] Verndarflokkun skiptist oftast í friðlýst svæði, þjóðgarða, friðlönd, fólkvanga og staði á náttúruminjaskrá. *Önnur flokkun* táknar að staður falli ekki undir framangreint.

### 5.2.1. Vesturland

**Tafla 1**. Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Vesturlandi árin 2018-2020.

| Staður | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Eðli verkefna | Upphæð |
|---|---|---|---|---|
| **Arnarstapi / Hellnar** *(VL005)* | Umhverfisstofnun | Friðland | Viðhald<br>Afmörkuð uppbygging | 16.800.000 |
| **Djúpalónssandur** *(VL006)* | Umhverfisstofnun | Þjóðgarður | Viðhald<br>Afmörkuð uppbygging | 63.000.000 |
| **Eldborg í Hnappadal** *(VL007)* | Umhverfisstofnun | Friðlýst náttúruvætti | Verndaraðgerðir<br>Öryggisaðgerðir | 4.600.000 |
| **Gamla Brekkurétt við Grábrók** *(VL001)* | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar / friðaðar fornminjar | Verndaraðgerðir | 6.000.000 |
| **Glanni-Paradísarlaut** *(VL004)* | Borgarbyggð | Á jaðri svæðis á náttúruminjaskrá | Rekstur<br>Viðhald | 11.000.000 |
| **Grábrók** *(VL008)* | Umhverfisstofnun | Friðlýst náttúruvætti | Afmörkuð uppbygging | 6.300.000 |
| **Hraunfossar / Barnafoss** *(VL009)* | Umhverfisstofnun | Friðlýst náttúruvætti | Verndaraðgerðir<br>Viðhald | 2.000.000 |
| **Malarrif** *(VL010)* | Umhverfisstofnun | Þjóðgarður | Afmörkuð uppbygging Lokafrágangur | 40.000.000 |
| **Snorralaug** *(VL002)* | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar / friðaðar fornminjar og nærri svæði á náttúruminjaskrá | Viðhald | 5.000.000 |
| **Surtshellir** (Vígishellir, afhellir) *(VL003)* | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar / friðaðar fornminjar og á náttúruminjaskrá | Greiningarvinna | 2.000.000 |
| **Öndverðarnes** *(VL011)* | Umhverfisstofnun | Þjóðgarður | Viðhald | 2.000.000 |
| **Samtals:** | | | | **158.700.000** |




Mynd 2: Vesturland

### 5.2.2. Vestfirðir

**Tafla 2**: Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Vestfjörðum árin 2018-2020.

| **Staður** | **Umsjónarleg ábyrgð** | **Verndarflokkun** | **Eðli verkefna** | **Upphæð** |
|---|---|---|---|---|
| **Dynjandi** *(VF003)* | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Afmörkuð uppbygging | 60.000.000 |
| **Flateyjarfriðland** *(VF006)* | Umhverfisstofnun | Friðland | Verndaraðgerðir | 500.000 |
| **Friðlandið Hornstrandir** *(VF004)* | Umhverfisstofnun | Friðland | Afmörkuð uppbygging | 17.600.000 |
| **Látrabjarg** (Bjargtangar og Brunnar í Látravík) *(VF002)* | Umhverfisstofnun | Á náttúruminjaskrá og í friðlýsingarferli | Afmörkuð uppbygging Verndaraðgerðir | 34.000.000 |
| **Litlibær í Skötufirði** *(VF007)* | Þjóðminjasafn Íslands | Friðað mannvirki | Skipulagsvinna<br>Afmörkuð uppbygging | 23.250.000 |
| **Skrúður í Dýrafirði – skrúðgarður** *(VF001)* | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Greiningarvinna | 2.000.000 |
| **Vatnsfjörður** *(VF005)* | Umhverfisstofnun | Friðland | Verndaraðgerðir | 2.550.000 |
| **Samtals:** | | | | **139.900.000** |




Mynd 3: Vestfirðir

### 5.2.3. Norðvesturland

**Tafla 3**: Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Norðvesturlandi árin 2018-2020.

| Staður | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Eðli verkefna | Upphæð |
|---|---|---|---|---|
| **Borgarvirki** *(NV001)* | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar / friðaðar fornminjar og á náttúruminjaskrá | Afmörkuð uppbygging Verndaraðgerðir | 28.000.000 |
| **Hveravellir** *(NV004)* | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Viðhald | 2.000.000 |
| **Hvítserkur** *(NV003)* | Húnaþing vestra | Á náttúruminjaskrá | Öryggisaðgerðir | 21.000.000 |
| **Þrístapar** *(NV002)* | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar / friðaðar fornminjar | Verndaraðgerðir | 2.500.000 |
| (sama) | Húnavatnshreppur | Friðlýstar / friðaðar fornminjar | Afmörkuð uppbygging | 15.000.000 |
| **Samtals:** | | | | **68.500.000** |




Mynd 4: Norðvesturland

### 5.2.4. Norðausturland

**Tafla 4**: Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Norðausturlandi árin 2018-2020.

| Staður | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Eðli verkefna | Upphæð |
|---|---|---|---|---|
| **Ásbyrgi og Botn** *(NA006)* | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Afmörkuð uppbygging | 65.000.000 |
| **Dettifoss vestan** *(NA009)* | Vatnajökulsþjóðgarður | í jaðri/umsjón þjóðgarðs | Afmörkuð uppbygging | 110.000.000 |
| **Dimmuborgir** *(NA001)* | Landgræðsla ríkisins | Friðlýst sem náttúruvætti | Lokafrágangur Viðhald | 26.000.000 |
| **Gásir** *(NA003)* | Minjastofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Verndaraðgerðir | 1.000.000 |
| **Kálfaströnd / Klasar** *(NA004)* | Umhverfisstofnun | Vernd skv. sérlögum | Afmörkuð uppbygging Lokafrágangur | 4.200.000 |
| **Skálar á Langanesi** *(NA002)* | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar / friðaðar fornminjar | Skipulagsvinna Afmörkuð uppbygging Verndaraðgerðir | 2.000.000 |
| **Skútustaðagígar** *(NA005)* | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Afmörkuð uppbygging | 5.400.000 |
| **Vaglaskógur** *(NA010)* | Skógræktin | Önnur flokkun | Afmörkuð uppbygging | 10.000.000 |
| **Vesturdalur / Langavatnshöfði** *(NA007)* | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Afmörkuð uppbygging | 30.000.000 |
| **Vikraborgir** *(NA008)* | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Afmörkuð uppbygging | 15.000.000 |
| **Samtals:** | | | | **268.600.000** |




Mynd 5: Norðausturland

### 5.2.5. Austurland

**Tafla** 5: Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Austurlandi árin 2018-2020.

| Staður | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Eðli verkefna | Upphæð |
|---|---|---|---|---|
| **Blanda við Geldingafell** *(AL005)* | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Afmörkuð uppbygging | 15.000.000 |
| **Djáknadys í Hamarsfirði** *(AL009)* | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar / friðaðar fornminjar | Verndaraðgerðir | 1.000.000 |
| **Fjárborg í Mjóafirði** *(AL001)* | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar / friðaðar fornminjar | Verndaraðgerðir | 6.000.000 |
| **Fossárvík** *(AL002)* | Djúpavogshreppur | Önnur flokkun | Afmörkuð uppbygging Öryggisaðgerðir | 5.000.000 |
| **Galtastaðir fram** *(AL007)* | Þjóðminjasafn Íslands | Friðað mannvirki | Skipulagsvinna<br>Afmörkuð uppbygging<br>Verndaraðgerðir | 8.250.000 |
| **Hallormsstaðarskógur** *(AL008)* | Skógræktin | Friðaður skógur skv. sérlögum | Afmörkuð uppbygging | 1.500.000 |
| **Hengifoss** *(AL003)* | Fljótsdalshreppur | Á náttúruminjaskrá | Afmörkuð uppbygging<br>Viðhald | 10.000.000 |
| **Krepputunga** *(AL006)* | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Afmörkuð uppbygging | 25.000.000 |
| **Teigarhorn** *(AL004)* | Djúpavogshreppur | Fólkvangur | Skipulagsvinna<br>Verndaraðgerðir | 8.000.000 |
| (sama) | Umhverfisstofnun | Náttúruvætti | Verndaraðgerðir | 2.700.000 |
| (sama) | Þjóðminjasafn Íslands | Friðað mannvirki | Verndaraðgerðir | 3.000.000 |
| **Samtals:** | | | | **85.450.000** |




Mynd 6: Austurland

### 5.2.6. Suðurland

**Tafla 6**: Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Suðurlandi árin 2018-2020.

| Staður | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Eðli verkefna | Upphæð |
|---|---|---|---|---|
| **Áftaversgígar** *(SL024)* | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Skipulagsvinna<br>Greiningarvinna | 3.000.000 |
| **Dverghamrar** *(SL012)* | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Afmörkuð uppbygging | 1.700.000 |
| **Dyrhólaey** *(SL013)* | Umhverfisstofnun | Friðland | Afmörkuð uppbygging<br>Viðhald | 8.700.000 |
| **Fjaðrárgljúfur** *(SL025)* | Umhverfisstofnun | Á náttúruminjaskrá | Verndaraðgerðir | 10.000.000 |
| **Friðland að fjallabaki** *(SL014)* | Umhverfisstofnun | Friðland | Skipulagsvinna<br>Afmörkuð uppbygging<br>Viðhald | 80.650.000 |
| **Geysir** *(SL015)* | Umhverfisstofnun | Á náttúruminjaskrá, er í friðlýsingarferli | Afmörkuð uppbygging<br>Öryggisaðgerðir | 50.000.000 |
| **Gjáin í Þjórsárdal** *(SL009)* | Þarfnast skoðunar | Á náttúruminjaskrá | Verndaraðgerðir | 8.000.000 |
| **Gullfoss** *(SL015)* | Umhverfisstofnun | Friðland | Afmörkuð uppbygging<br>Viðhald<br>Öryggisaðgerðir | 161.044.000 |
| **Haukadalsskógur** *(SL004)* | Skógræktin | Nærri jaðri svæðis á náttúruminjaskrá | Afmörkuð uppbygging | 1.000.000 |
| **Hjálparfoss** *(SL005)* | Skógræktin | Á náttúruminjaskrá | Rekstur<br>Viðhald<br>Lokafrágangur | 4.000.000 |
| **Jökulsárlón** *(SL019)* | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Afmörkuð uppbygging | 25.000.000 |
| **Keldur á Rangárvöllum** *(SL023)* | Þjóðminjasafn Íslands | Friðað mannvirki (húsafriðun) | Skipulagsvinna<br>Afmörkuð uppbygging | 5.250.000 |
| **Kirkjugólf** *(SL016)* | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Verndaraðgerðir | 1.700.000 |
| **Laugarvatn** *(SL006)* | Skógræktin | Á náttúruminjaskrá | Lokafrágangur | 2.500.000 |
| **Reykjadalur** *(SL010)* | Sveitarfélagið Ölfus | Á náttúruminjaskrá | Viðhald<br>Verndargerðir<br>Öryggisaðgerðir | 15.000.000 |
| **Rútshellir** *(SL001)* | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar og nærri svæði á náttúruminjaskrá | Lokafrágangur<br>Öryggisaðgerðir | 5.100.000 |
| **Sandfell í Öræfum** *(SL018)* | Vatnajökulsþjóðgarður | í jaðri/umsjá þjóðgarðs | Afmörkuð uppbygging | 10.000.000 |
| **Skaftafellsheiði** *(SL023)* | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Viðhald<br>Öryggisaðgerðir | 10.000.000 |
| **Skaftáreldahraun** *(SL011)* | Skaftárhreppur | Á náttúruminjaskrá (hluti hrauns), hluti | Verndaraðgerðir | 28.000.000 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | hrauns innan þjóðgarðs | | |
| **Skálholt** *(SL002)* | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar / friðaðar fornminjar | Afmörkuð uppbygging | 13.000.000 |
| **Skógafoss** *(SL017)* | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Afmörkuð uppbygging<br>Verndaraðgerðir<br>Viðhald | 45.100.000 |
| **Stöng í Þjórsárdal** *(SL003)* | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar / friðaðar fornminjar | Greiningarvinna<br>Verndaraðgerðir | 40.000.000 |
| **Svarthöfði við Vonarskarð** *(SL020)* | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Afmörkuð uppbygging | 20.000.000 |
| **Systrafoss (skógarreitur)** *(SL007)* | Skógræktin | Önnur flokkun | Viðhald | 3.000.000 |
| **Þinghelgi** *(SL021)* | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | Þjóðgarður | Skipulagsvinna<br>Afmörkuð uppbygging<br>Viðhald | 75.000.000 |
| **Þingvallahraun** *(SL022)* | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | Þjóðgarður | Afmörkuð uppbygging | 40.000.000 |
| **Þórsmörk og Goðaland** *(SL008)* | Skógræktin | Á náttúruminjaskrá | Viðhald<br>Verndaraðgerðir | 45.000.000 |
| **Samtals:** | | | | **741.744.000** |




Mynd 7: Suðurland

### 5.2.7. Suðurnes og höfuðborgarsvæðið

Tafla 7: Staðir og áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannastöðum á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu árin 2018-2020.

| Staður | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Eðli verkefna | Upphæð |
|---|---|---|---|---|
| **Eldvörp** *(SV002)* | Grindarvíkurbær | Á náttúruminjaskrá | Verndaraðgerðir | 4.000.000 |
| **Gunnuhver** *(SV003)* | Grindarvíkurbær | Á náttúruminjaskrá | Afmörkuð uppbygging | 15.000.000 |
| **Krýsuvíkurbjarg** *(SV001)* | Hafnarfjarðarkaupstaður | Fólkvangur | Skipulagsvinna<br>Öryggisaðgerðir | 8.000.000 |
| **Samtals:** | | | | **27.000.000** |







Mynd 8: Suðurnes og höfuðborgarsvæðið

## 5.3. Staðir til sérstakrar skoðunar

Til viðbótar framangreindum listum yfir staði eru hér tilgreindir nokkrir staðir til viðbótar, sem ástæða er til að skoða sérstaklega á gildistíma áætlunarinnar og fylgjast með ástandi og þróun þeirra með tilliti til mögulegrar innviðaþarfar í tengslum við landsáætlun. Þessi staðir eru Blábjörg (friðlýst svæði), Helgustaðanáma (friðlýst svæði), Þjórsárver (friðlýst svæði), Flatey (vesturhluti, utan friðlands), Hjörleifshöfði, Glymur, Goðafoss, Kirkjufellsfoss, Kerlingafjöll (friðlýsing í vinnslu), Kinnargjár á Reykjanesi („Brúin milli heimsálfa“) og Hofsstaðir (friðlýstar menningarminjar).

Á mörgum þessara staða er jafnframt áhersla á að leggja til og efla landvörslu.

## 5.4. Ferðamannaleiðir

Auk skipunar starfshóps um ferðamannaleiðina Laugaveg á milli Landmannalauga og Þórsmerkur er lagt til að leiðin verði viðfang þessarar fyrstu verkefnaáætlunar fyrir árin 2018-2020.

**Tafla 8**: Áætluð verkefni til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannaleiðum árin 2018-2020.

| Leið | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Eðli verkefna | Upphæðir |
|---|---|---|---|---|
| Laugavegur frá Landmannalaugum til Þórsmerkur | Umhverfisstofnun, forsætisráðuneyti (þjóðlendur), Skógræktin, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ferðafélag Íslands, o.fl. | Friðland, á náttúruminjaskrá | Uppbygging<br>Viðhald<br>Tilraunaverkefni vinnuhóps um gönguleiðina Laugaveg | 30.000.000<br>2.250.000<br>30.000.000 |
| **Samtals:** | | | | **62.250.000** |

## 5.5. Landvarsla

Lagt er til að í hverjum landshluta verði landvarsla efld á tímabilinu 2018-2020. Til ráðstöfunar á árinu 2018 eru 200 milljónir króna. Landvarslan verði skipulögð á grundvelli núverandi starfsemi og aðstöðu á friðlýstum svæðum, í samstarfi ríkis og sveitarfélaga í viðkomandi landshluta.

Aukning landvörslu og styrking umsjónar á stöðum er mikilvægt viðbragð í ljósi viðfangsefnis landsáætlunar, enda er landvarsla skjótvirk aðgerð samanborið við uppbyggingu efnislegra innviða og skilar hún árangri um leið og landvörður er farinn að starfa á vettvangi. Með markvissri landvörslu er hægt að bæta stýringu umferðar ferðamanna innan svæða, auka öryggi ferðamanna og bæta upplýsingagjöf til þeirra. Jafnframt er þannig hægt að þjóna svæðum þar sem ekki verða fjárhagslegar og/eða skipulagstengdar forsendur til að vinna að stærri verkefnum á árunum 2018-2020. Auk þess er landvarsla heppilegur „óefnislegur innviður" á stöðum þar sem ekki ríkir einhugur um uppbyggingu efnislegra innviða eða þar sem deilur standa um ábyrgð eða eignarhald.

Lenging ferðamannatímans kallar á það að fyrirkomulag landvörslu verði að ákveðnu leyti hugsað upp á nýtt, enda hefur landvarsla víða þróast á síðustu árum frá því að vera sumarstarf yfir í heilsársstarf.

**Tafla 9**: Áætlun um aukningu landvörslu á árunum 2018-2020.

| Staður/svæði | Verkefni | Umsjón |
|---|---|---|
| Suðurland | Aukin landvarsla á Suðurlandi | |
| Suðurnes og höfuðborgarsvæðið | Landvarsla á Suðurnesjum og friðlýstum svæðum á höfuðborgarsvæðinu | |

| | | |
|---|---|---|
| Vesturland | Aukin landvarsla á Vesturlandi | Aukning landvörslu skipulögð í samstarfi stofnana og sveitarfélaga í landshlutanum |
| Vestfirðir | Aukin landvarsla á Vestfjörðum | |
| Norðvesturland | Landvarsla á Norðvesturlandi | |
| Norðausturland | Aukin landvarsla á Norðausturlandi | |
| Austurland | Aukin landvarsla á Austurlandi | |

Áhersla verði lögð á að byggja á grunni núverandi landvörslu á friðlýstum svæðum og að nýta starfsstöðvar og aðstöðu sem fyrir er í landshlutunum. Þar er sérstaklega litið til eflingar landvörslu út frá þeim starfsstöðum og þeirri starfsemi sem þegar er í landshlutunum þannig að þjónusta megi sem flesta staði.

Þar má nefna eftirtaldar starfsstöðvar; Patreksfjörð og Ísafjörð á Vestfjörðum; Hellissand og Hvanneyri á Vesturlandi; Suðurnes/Höfuðborgarsvæði; Þingvellir, Haukadalur, Gunnarsholt, Landmannalaugar, Þórsmörk, Kirkjubæjarklaustur, Skaftafell og Höfn á Suðurlandi; Teigarhorn og Skriðuklaustur á Austurlandi; Ásbyrgi, Mývatn, Vaglir og Askja/Herðubreiðarlindir á Norðausturlandi og Hólar á Norðvesturlandi.

**Verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 - Efnislegir innviðir og önnur staðbundin verkefni** *stjörnumerkt verkefni hefjast árið 2018

| Staður | Sveitarfélag | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Stutt lýsing verkefnis | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Arnarstapi / Hellnar** | Snæfellsbær | Umhverfisstofnun | Friðland | Endurnýjun útsýnispalls við Gatklett á Arnarstapa | 5.000.000 | * |
| | | | | Nýr útsýnispallur við ströndina við Stapa og Hellnar | 7.000.000 | * |
| | | | | Varanlegur göngustígur milli Arnarstapa og Hellna, 1,5 km | 4.500.000 | |
| | | | | Öryggisgirðing við bjargbrún ofan fjöru | 300.000 | * |
| Arnarstapi / Hellnar - samtals | | | | | **16.800.000** | |
| **Álftaversgígar** | Skaftárhreppur | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Skipulag svæðis | 1.500.000 | |
| | | | | Greiningarvinna fyrir svæðið | 1.500.000 | |
| Álftaversgígar - samtals | | | | | **3.000.000** | |
| **Ásbyrgi** | Norðurþing | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Bílastæði | 40.000.000 | * |
| **Ásbyrgi / Botn** | | | | Göngu og hjólastígar - Ásbyrgi / Botn | 25.000.000 | |
| Ásbyrgi og Botn - samtals | | | | | **65.000.000** | |
| **Blanda við Geldingafell** | Fljótsdalshreppur | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Göngubrú yfir Blöndu við Geldingafell ásamt stígagerð | 15.000.000 | |
| Blanda við Geldingafell - samtals | | | | | **15.000.000** | |
| **Borgarvirki** | Húnaþing vestra | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á Náttúruminjaskrá | Lagfæring hleðslna í Borgarvirki | 6.000.000 | * |
| | | | | Nokkur upplýsingaskilti við Borgarvirki | 2.000.000 | * |
| | | | | Stækkun bílastæðis og frágangur þess | 10.000.000 | * |
| | | | | Nýr göngustígur frá bílastæði að tröppunum upp í Borgarvirki | 10.000.000 | * |
| Borgarvirki - samtals | | | | | **28.000.000** | |
| **Dettifoss - vestan** | Skútustaðahreppur | Vatnajökulsþjóðgarður | í jaðri/umsjá þjóðgarðs | Göngupallar og göngustígar við Dettifoss, 3.áfangi skv. deiliskipulagi | 15.000.000 | * |
| | | | | Þurrsalernisaðstaða við Dettifoss skv. deiliskipulagi | 95.000.000 | * |
| Dettifoss - vestan - samtals | | | | | **110.000.000** | |
| **Dimmuborgir** | Skútustaðahreppur | Landgræðsla ríkisins | Friðlýst sem náttúruvætti | Áframhaldandi lagfæringar á öðrum leiðum | 6.000.000 | * |
| | | | | Lokafrágangur efsta bílastæðis | 3.000.000 | * |
| | | | | Malbikaður göngustígur, litli og stóri hringur | 14.000.000 | * |
| | | | | Viðgerðir vegna traðks | 3.000.000 | * |
| Dimmuborgir - samtals | | | | | **26.000.000** | |
| **Djáknadys í Hamarsfirði** | Djúpavogshreppur | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á Náttúruminjaskrá | Skilti og afmörkun | 1.000.000 | * |

## Verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 - Efnislegir innviðir og önnur staðbundin verkefni

*stjörnumerkt verkefni hefjast árið 2018

| Staður | Sveitarfélag | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Stutt lýsing verkefnis | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Djáknadys í Hamarsfirði - samtals | | | | | **1.000.000** | |
| **Djúpalónssandur** | Snæfellsbær | Umhverfisstofnun | Þjóðgarður | Bætt gönguleið að Djúpalónssandi | 3.000.000 | |
| | | | | Endurnýjun salerna við Djúpalónssand | 45.000.000 | * |
| | | | | Stækkun bílastæðis við Djúpalón | 15.000.000 | * |
| Djúpalónssandur - samtals | | | | | **63.000.000** | |
| **Dverghamrar** | Skaftárhreppur | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Framhald á uppbyggingu göngustígar (hringleið) um Dverghamra | 1.700.000 | |
| Dverghamrar - samtals | | | | | **1.700.000** | |
| **Dynjandi** | Ísafjarðarbær | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Endurnýjun á salernishúsi, rotþró og rafmagnslögn að salernishúsi | 60.000.000 | * |
| Dynjandi - samtals | | | | | **60.000.000** | |
| **Dyrhólaey** | Mýrdalshreppur | Umhverfisstofnun | Friðland | Endurbætur á göngustíg á Lágey í Dyrhólaey | 5.000.000 | |
| | | | | Stígur frá nýju salernishúsi á Lágey niður að bjargi - tenging við aðrar gönguleiðir til austurs | 2.500.000 | |
| | | | | Viðhald á göngustígum í Dyrhólaey | 1.200.000 | |
| Dyrhólaey - samtals | | | | | **8.700.000** | |
| **Eldborg í Hnappadal** | Borgarbyggð | Umhverfisstofnun | Friðlýst náttúruvætti | Endurbætur á göngustíg að Eldborg í Hnappadal | 3.000.000 | |
| | | | | Lokun aflögustíga og uppgræðsla á röskuðu svæði við Eldborg í Hnappadal | 1.000.000 | |
| | | | | Merking gönguleiðar í gegnum skógarreit að Eldborg í Hnappadal | 600.000 | |
| Eldborg í Hnappadal - samtals | | | | | **4.600.000** | |
| **Eldvörp** | Grindavíkurbær | Grindavíkurbær o.fl. | Á Náttúruminjaskrá | Göngustígur meðfram gígaröðinni við Eldvörp | 4.000.000 | * |
| Eldvörp - samtals | | | | | **4.000.000** | |
| **Fjaðrárgljúfur** | Skaftárhreppur | Umhverfisstofnun | Á Náttúruminjaskrá | Bráðaaðgerðir vegna ástands gróðurs | 10.000.000 | * |
| Fjaðrárgljúfur - samtals | | | | | **10.000.000** | |
| **Fjárborg í Mjóafirði** | Fjarðabyggð | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Lagfærðar hleðslur í fjárborginni vegna álags af völdum ferðamennsku | 5.000.000 | |
| | | | | Skilti við fjárborg í Mjóafirði með umgengnisreglum | 1.000.000 | |
| Fjárborg í Mjóafirði - samtals | | | | | **6.000.000** | |
| **Flateyjarfriðland** | Reykhólahreppur | Umhverfisstofnun | Friðland | Fræðsluskilti og leiðbeiningaskilti í friðlandi Flateyjar | 500.000 | * |
| Flateyjarfriðland - samtals | | | | | **500.000** | |
| **Fossárvík** | Djúpavogshreppur | Djúpavogshreppur | Önnur flokkun | Fjölgun bílastæða í Fossárdal | 5.000.000 | |
| Fossárvík - samtals | | | | | **5.000.000** | |

## Verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 - Efnislegir innviðir og önnur staðbundin verkefni

*stjörnumerkt verkefni hefjast árið 2018

| Staður | Sveitarfélag | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Stutt lýsing verkefnis | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Friðland að fjallabaki** | Rangárþing ytra | Umhverfisstofnun | Friðland | Áframhald stígagerðar frá Laugahrauni að Hrafntinnuskeri | 30.000.000 | |
| | | | | Gerð og uppsetning 10 upplýsinga- og fræðsluskilta við áningarstaði innan Friðlands að fjallabaki | 3.800.000 | * |
| | | | | Gerð og uppsetning 10 vegvísa á gönguleiðir, reiðleiðir og athyglisverða staði innan Friðlands að fjallabaki | 600.000 | * |
| | | | | Hönnun 10 upplýsinga og fræðsluskilta um staði í Friðlandi að fjallabaki | 500.000 | * |
| | | | | Laugavegur - Viðhald og merking gönguleiðar innan Friðlands að fjallabaki | 2.250.000 | * |
| | | | | Merkingar á reiðleiðum í Friðlandi að fjallabaki | 500.000 | |
| | | | | Skipulag og hönnun vegna Rauðufossa í Friðlandi að fjallabaki | 3.000.000 | |
| | | | | Viðhald og styrking eldri göngustíga í Friðlandi að fjallabaki | 40.000.000 | |
| Friðland að fjallabaki - samtals | | | | | **80.650.000** | |
| **Friðland Hornstrandir** | Ísafjarðarbær | Umhverfisstofnun | Friðland | Upplýsingaskilti um lífríki og verndarákvæði Hornstrandafriðlands | 400.000 | |
| | | | | Viðhald göngustíga á Hesteyri og nágrenni | 1.200.000 | * |
| | | | | Íverustaður landvarða á Hesteyri með vatnssalerni og rotþró | 16.000.000 | |
| Friðland Hornstrandir - samtals | | | | | **17.600.000** | |
| **Galtastaðir fram** | Fljótsdalshérað | Þjóðminjasafn Íslands | Við friðað mannvirki úr húsasafni | Bílastæði við Galtastaði fram | 4.000.000 | |
| | | | | Deiliskipulag fyrir Galtastaði fram | 2.000.000 | |
| | | | | Göngustígar við Galtastaði fram | 1.000.000 | |
| | | | | Merkingar við Galtastaði fram | 1.250.000 | |
| Galtastaðir fram - samtals | | | | | **8.250.000** | |
| **Gamla Brekkurétt við Grábrók** | Borgarbyggð | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Afmörkun gönguleiða við Brekkurétt við Grábrók | 5.000.000 | * |
| | | | | Skilti með umgengnisreglum við Brekkurétt við Grábrók | 1.000.000 | * |
| Gamla Brekkurétt við Grábrók - samtals | | | | | **6.000.000** | |
| **Gásir** | Hörgársveit | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á Náttúruminjaskrá | Gásir - skipulag svæðis (uppfært deiliskipulag og hönnun) | 1.000.000 | |
| Gásir - samtals | | | | | **1.000.000** | |
| **Geysir** | Bláskógabyggð | Umhverfisstofnun | Á náttúruminjaskrá, er í friðlýsingarferli | Stígagerð að Geysi | 50.000.000 | * |
| Geysir - samtals | | | | | **50.000.000** | |
| **Gjáin í Þjórsárdal** | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | Þarfnast skilgreiningar | Á Náttúruminjaskrá | Gróðurvernd og lagning göngustíga í Gjánni í Þjórsárdal | 8.000.000 | * |

## Verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 - Efnislegir innviðir og önnur staðbundin verkefni

*stjörnumerkt verkefni hefjast árið 2018

| Staður | Sveitarfélag | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Stutt lýsing verkefnis | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Gjáin í Þjórsárdal - samtals | | | | | **8.000.000** | |
| **Glanni-Paradísarlaut** | Borgarbyggð | Borgarbyggð | Á jaðri svæðis á Náttúruminjaskrá | Viðhald og endurbætur á útsýnispalli við Glanna | 1.000.000 | * |
| | | | | Svæðisumsjón við Glanna-Paradísarlaut á grundvelli samnings til 3ja ára | 10.000.000 | * |
| Glanni-Paradísarlaut - samtals | | | | | **11.000.000** | |
| **Grábrók** | Borgarbyggð | Umhverfisstofnun | Friðlýst náttúruvætti | Áframhald uppbyggingar göngupalls frá bílastæði upp á topp Grábrókar | 5.000.000 | |
| | | | | Fræðsluskilti við Grábrók | 400.000 | |
| | | | | Fræðsluskilti við Rauðbrók | 400.000 | |
| | | | | Upplýsingaskilti við Grábrók | 500.000 | |
| Grábrók - samtals | | | | | **6.300.000** | |
| **Gullfoss** | Bláskógabyggð | Umhverfisstofnun | Friðland | Aðkomuskilti við upphaf göngupalla | 400.000 | |
| | | | | Áframhaldandi endurnýjun stígs (G1) við Gullfoss | 47.000.000 | * |
| | | | | Endurnýjun torgs (G2) að Gullfossi | 14.187.000 | * |
| | | | | Endurnýjun útsýnispalls (D1) við Gullfoss | 66.657.000 | |
| | | | | Lagfæring gönguleiðar og reiðleiðar meðfram Hvítá, í samstarfi við sjálfboðaliða Umhverfisstofnunar eða verktaka og í samráði við Minjastofnun | 800.000 | |
| | | | | Nýr stígur (A1 frá D2) að Gullfossi | 25.000.000 | |
| | | | | Skilti með umgengisreglum svæðisins | 400.000 | * |
| | | | | Uppfærsla á merkingum á neðra bílastæði við Gullfoss - aðgengi fyrir alla. | 600.000 | * |
| | | | | Uppsetning varnargirðingar austan við neðra bílastæði að Gullfossi | 6.000.000 | |
| Gullfoss - samtals | | | | | **161.044.000** | |
| **Gunnuhver** | Grindavíkurbær | Grindavíkurbær o.fl. | Á Náttúruminjaskrá | Stækkun á bílastæði við Gunnuhver | 15.000.000 | * |
| Gunnuhver - samtals | | | | | **15.000.000** | |
| **Hallormsstaðaskógur** | Fljótsdalshérað | Skógræktin | Friðaður skógur skv. sérlögum | Eldaskáli - Lokahönnun (aðlögun) á þjónustuhús í Hallormsstaðaskógi | 1.500.000 | |
| Hallormsstaðaskógur - samtals | | | | | **1.500.000** | |
| **Haukadalsskógur** | Bláskógabyggð | Skógræktin | Nærri jaðri svæðis á Náttúruminjaskrá | Fjölgun heilsárs salerna í Haukadalsskógi | 1.000.000 | * |
| Haukadalsskógur - samtals | | | | | **1.000.000** | |
| **Hengifoss** | Fljótsdalshreppur | Fljótsdalshreppur | Á Náttúruminjaskrá | Stækkun bílastæðis við upphaf gönguleiðar að Hengifossi - 2. áfangi | 7.500.000 | |
| | | | | Viðhald göngustíga upp að Hengifossi | 2.500.000 | |

## Verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 - Efnislegir innviðir og önnur staðbundin verkefni

*stjörnumerkt verkefni hefjast árið 2018

| Staður | Sveitarfélag | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Stutt lýsing verkefnis | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hengifoss - samtals | | | | | **10.000.000** | |
| **Hjálparfoss** | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | Skógræktin | Á Náttúruminjaskrá | Lokafrágangur salernishúss og bílaplans við Hjálparfoss | 2.000.000 | * |
| | | | | Viðhald gönguleiða og aðstöðu við Hjálparfoss | 2.000.000 | |
| Hjálparfoss - samtals | | | | | **4.000.000** | |
| **Hraunfossar/Barnafoss** | Borgarbyggð | Umhverfisstofnun | Friðlýst náttúruvætti | Lagfæringar vegna gróðurskemmda við Hraunfossa/Barnafoss | 800.000 | |
| | | | | Umgengnis- og öryggisleiðbeiningar til ferðamanna við Hraunfossa/Barnafoss | 400.000 | |
| | | | | Upplýsinga og fræðsluskilti við Hraunfossa/Barnafoss | 400.000 | |
| | | | | Öryggisleiðbeiningar við Hraunfossa | 400.000 | |
| Hraunfossar/Barnafoss - samtals | | | | | **2.000.000** | |
| **Hveravellir** | Húnavatnshreppur | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Viðhald á göngustígum á Hveravöllum | 2.000.000 | * |
| Hveravellir - samtals | | | | | **2.000.000** | |
| **Hvítserkur** | Húnaþing vestra | Húnaþing vestra | Á Náttúruminjaskrá | Hönnun á tröppum niður í fjöru frá útsýnispalli við Hvítserk | 2.000.000 | * |
| | | | | Smíði og uppsetning á tröppum niður í fjöru frá útsýnispalli við Hvítserk | 19.000.000 | * |
| Hvítserkur - samtals | | | | | **21.000.000** | |
| **Jökulsárlón** | Sveitarfélagið Hornafjörður | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Bráðabirgðainnviðir við Jökulsárlón sem annað geta gestafjölda | 25.000.000 | * |
| Jökulsárlón - samtals | | | | | **25.000.000** | |
| **Kálfaströnd / Klasar** | Skútustaðahreppur | Umhverfisstofnun | Vernd skv. sérlögum | Áframhaldandi stígagerð frá Kálfaströnd að Klösum | 2.200.000 | * |
| | | | | Lokafrágangur á hleðsluvegg við bílastæði á Kálfaströnd | 2.000.000 | * |
| Kálfaströnd / Klasar - samtals | | | | | **4.200.000** | |
| **Keldur á Rangárvöllum** | Rangárþing ytra | Þjóðminjasafn Íslands | Við friðað mannvirki úr húsasafni | Deiliskipulag fyrir Keldur á Rangárvöllum | 1.600.000 | |
| | | | | Stækkun bílastæðis við Keldur á Rangárvöllum | 3.650.000 | |
| Keldur á Rangárvöllum - samtals | | | | | **5.250.000** | |
| **Kirkjugólf** | Skaftárhreppur | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Afmörkun gönguleiða og lokun aflögustíga við Kirkjugólf | 1.700.000 | |
| Kirkjugólf - samtals | | | | | **1.700.000** | |
| **Krepputunga** | Fljótsdalshérað | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Þurrsalerni við Kverkjökul | 25.000.000 | |
| Krepputunga - samtals | | | | | **25.000.000** | |
| **Krýsuvíkurbjarg** | Hafnarfjarðar-kaupstaður | Hafnarfjarðar-kaupstaður | Fólkvangur | Deiliskipulag fyrir Krýsuvíkurbjarg | 3.000.000 | * |

## Verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 - Efnislegir innviðir og önnur staðbundin verkefni

*stjörnumerkt verkefni hefjast árið 2018

| Staður | Sveitarfélag | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Stutt lýsing verkefnis | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Skilti með upplýsingum um Krýsuvíkurbjarg og hættur þess | 1.000.000 | |
| | | | | Formun bílastæðis og gerð áningarsvæðis | 1.000.000 | |
| | | | | Afmörkun/snúrun gönguleiða við Krýsuvíkurbjarg | 1.000.000 | |
| | | | | Uppbygging og lagfæring gönguleiða við Krýsuvíkurbjarg | 2.000.000 | |
| Krýsuvíkurbjarg - samtals | | | | | **8.000.000** | |
| **Laugarvatn** | Bláskógabyggð | Skógræktin | Á Náttúruminjaskrá | Eldaskáli - Lokafrágangur og viðhald áningarstaðar á Laugarvatni | 2.500.000 | * |
| Laugarvatn - samtals | | | | | **2.500.000** | |
| **Laugavegur - tilraunaverkefni um gönguleiðir** | Rangárþing ytra | Samstarf ýmissa stofnana og aðila | Friðland, á náttúruminjaskrá | Laugavegur - Tilraunaverkefni um gönguleiðir | 30.000.000 | * |
| Laugavegur - tilraunaverkefni um gönguleiðir - samtals | | | | | **30.000.000** | |
| **Látrabjarg (Bjargtangar og Brunnar í Látravík)** | Vesturbyggð | Umhverfisstofnun | Á Náttúruminjaskrá og í friðlýsingarferli | Áframhaldandi uppbygging og viðhald göngustíga | 7.000.000 | |
| | | | | Merkingar og skilti við Látrabjarg | 2.000.000 | |
| | | | | Uppbygging bílastæða í samvinnu við landeigendur | 15.000.000 | |
| | | | Önnur flokkun | Uppbygging salernisaðstöðu í Brunnum í Látravík | 10.000.000 | |
| Látrabjarg (Bjargtangar og Brunnar í Látravík) - samtals | | | | | **34.000.000** | |
| **Litlibær í Skötufirði** | Súðavíkurhreppur | Þjóðminjasafn Íslands | Við friðað mannvirki úr húsasafni | Deiliskipulag fyrir Litlabæ í Skötufirði | 1.500.000 | * |
| | | | | Göngustígar í næsta umhverfi við Litlabæ í Skötufirði | 3.000.000 | |
| | | | | Lokahönnun móttökuhúss | 2.500.000 | * |
| | | | | Merkingar | 1.250.000 | |
| | | | | Áfangi I - Þjónustuhús í hlöðu við Litlabæ | 15.000.000 | |
| Litlibær í Skötufirði - samtals | | | | | **23.250.000** | |
| **Malarrif** | Snæfellsbær | Umhverfisstofnun | Þjóðgarður | Bílastæði við Gestastofu á Malarifi | 30.000.000 | * |
| | | | | Göngustígur milli Malarifs og Svalþúfu | 2.000.000 | |
| | | | | Lokafrágangur gestastofu á Malarifi og lóðar | 8.000.000 | * |
| Malarrif - samtals | | | | | **40.000.000** | |
| **Reykjadalur** | Sveitarfélagið Ölfus | Sveitarfélagið Ölfus o.fl. | Á Náttúruminjaskrá | Áframhaldandi lagfæring á stígum/viðhald | 15.000.000 | |
| Reykjadalur - samtals | | | | | **15.000.000** | |
| **Rútshellir** | Rangárþing eystra | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Lokafrágangur á Rútshelli þannig að hann geti verið opinn ferðamönnum á öruggan hátt | 5.100.000 | * |

## Verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 - Efnislegir innviðir og önnur staðbundin verkefni

*stjörnumerkt verkefni hefjast árið 2018

| Staður | Sveitarfélag | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Stutt lýsing verkefnis | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Rútshellir - samtals | | | | | **5.100.000** | |
| **Sandfell í Öræfum** | Sveitarfélagið Hornafjörður | Vatnajökulsþjóðgarður | í jaðri/umsjá þjóðgarðs | Salerni við upphaf gönguleiðar við Sandfell í Öræfum | 10.000.000 | |
| Sandfell í Öræfum - samtals | | | | | **10.000.000** | |
| **Skaftafellsheiði** | Sveitarfélagið Hornafjörður | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Endurbætur á heiðinni og tröppur | 10.000.000 | |
| Skaftafellsheiði - samtals | | | | | **10.000.000** | |
| **Skaftáreldahraun** | Skaftárhreppur | Skaftárhreppur o.fl. | Á Náttúruminjaskrá (hluti hrauns), hluti innan þjóðgarðs | Greiningarvinna og uppfærsla deiliskipulags | 1.000.000 | * |
| | | | | Aðgerðir til varnar ágangi utan skipulagðra áningarstaða (girðingar, merkingar, o.fl.) | 3.000.000 | * |
| | | | | Endurheimt mosaþekju í Skaftáreldahrauni | 4.000.000 | |
| | | | | Framkvæmdir við aðal-áningarstað í hrauninu eftir samþykktu deiliskipulagi, árið 2020 (1. áfangi) | 20.000.000 | |
| Skaftáreldahraun - samtals | | | | | **28.000.000** | |
| **Skálar á Langanesi** | Langanesbyggð | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Skálar - skipulag svæðis | 2.000.000 | |
| Skálar á Langanesi - samtals | | | | | **2.000.000** | |
| **Skálholt** | Bláskógabyggð | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Endurbætur innviða, bætt aðgengi og miðlun á uppgraftarsvæðinu í Skálholti í samræmi við óloknar aðgerðir 1-5 sem tilteknar eru í verndaráætlun | 13.000.000 | * |
| Skálholt - samtals | | | | | **13.000.000** | |
| **Skógafoss** | Rangárþing eystra | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Hönnun og gerð nýs bílastæðis við friðlandsmörk | 40.000.000 | |
| | | | | Hönnun og gerð tengistígar frá aðalstíg við Skógafoss | 3.000.000 | * |
| | | | | Lokun aflögustíga við Skógafoss | 600.000 | * |
| | | | | Viðhald göngustíga á Skógaheiði | 1.500.000 | * |
| Skógafoss - samtals | | | | | **45.100.000** | |
| **Skrúður í Dýrafirði - skrúðgarður** | Ísafjarðarbær | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Verndaráætlun fyrir Skrúð í Dýrafirði | 2.000.000 | * |
| Skrúður í Dýrafirði - skrúðgarður - samtals | | | | | **2.000.000** | |
| **Skútustaðagígar** | Skútustaðahreppur | Umhverfisstofnun | Friðlýst sem náttúruvætti | Aðkomuskilti og vegvísir á milli gönguleiða um Skútustaðagíga | 900.000 | |
| | | | | Lokaáfangi við malbikun á göngustígum um Skútustaðagíga | 4.500.000 | * |
| Skútustaðagígar - samtals | | | | | **5.400.000** | |

**Verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 - Efnislegir innviðir og önnur staðbundin verkefni**

*stjörnumerkt verkefni hefjast árið 2018

| Staður | Sveitarfélag | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Stutt lýsing verkefnis | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Snorralaug og minjasvæðið í Reykholti** | Borgarbyggð | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Lagfæring minja og umhverfis við Snorralaug í Reykholti | 5.000.000 | * |
| Snorralaug og minjasvæðið í Reykholti - samtals | | | | | **5.000.000** | |
| **Stöng í Þjórsárdal** | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Göngustígur um bæjarhól | 2.000.000 | * |
| | | | | Greiningarvinna fyrir minjasvæðið að Stöng í Þjórsárdal með áherslu á álag af völdum ferðamennsku og leiðir til að vernda rústir þjóðveldisbæjarins | 3.000.000 | * |
| | | | | Lagfæring byggingar yfir minjar með það að markmiði að afstýra eyðileggingu þeirra. Merkingar minja. | 35.000.000 | |
| Stöng í Þjórsárdal - samtals | | | | | **40.000.000** | |
| **Surtshellir (Vígishellir)** | Borgarbyggð | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar og á Náttúruminjaskrá | Verndaráætlun um mannvistarleifar í Surtshelli í samvinnu við landeigendur og Umhverfisstofnun | 2.000.000 | |
| Surtshellir (Vígishellir) - samtals | | | | | **2.000.000** | |
| **Svarthöfði við Vonarskarð / Kolugil** | Skaftárhreppur | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Þurrsalerni | 20.000.000 | |
| Svarthöfði við Vonarskarð / Kolugil - samtals | | | | | **20.000.000** | |
| **Systrafoss - skógarreitur** | Skaftárhreppur | Skógræktin | Önnur flokkun | Viðhald gönguleiða og umhverfis við Systrafoss | 3.000.000 | * |
| Systrafoss - skógarreitur - samtals | | | | | **3.000.000** | |
| **Teigarhorn** | Djúpavogshreppur | Djúpavogshreppur | Fólkvangur | Endanleg hönnun áningarstaða við mörk fólkvangs | 1.000.000 | * |
| | | | | Bætt salernisaðstaða | 1.500.000 | * |
| | | | | Lagning gönguleiða utan nærsvæðis Teigarhorns | 4.000.000 | |
| | | | | Endanleg hönnun áningarstaða og bílastæða innan fólkvangs | 1.500.000 | * |
| | | Umhverfisstofnun | Náttúruvætti | Aðgerðir vegna brottnáms geislasteina - Girðing til að hefta aðgengi að svæði við fjöruborðið í náttúruvættinu frá Kálfsfjöru að Brunnafjöru | 600.000 | |
| | | | | Tvö aðkomuskilti að Teigarhorni | 800.000 | |
| | | | | Upplýsingaskilti um náttúruvættið Teigarhorn og verndun þess | 300.000 | |
| | | | | Öryggis- og verndargirðing við brún á tveimur stöðum að Teigarhorni | 1.000.000 | |
| | | Þjóðminjasafn Íslands | Við friðað mannvirki úr húsasafni | Göngustígar í næsta umhverfi Weywadtshúss. Hellulögð stétt við hús og malarstígur. | 3.000.000 | * |
| Teigarhorn - samtals | | | | | **13.700.000** | |
| **Vaglaskógur** | Þingeyjarsveit | Skógræktin | Önnur flokkun | Þjónustuhús í Vaglaskógi | 10.000.000 | * |
| Vaglaskógur - samtals | | | | | **10.000.000** | |
| **Vatnsfjörður** | Vesturbyggð | Umhverfisstofnun | Friðland | 9 skilti í Vatnsfirði með leiðbeiningum og upplýsingum | 1.350.000 | * |
| | | | | Göngustígagerð í Vatnsfirði | 1.200.000 | * |

## Verkefnaáætlun landsáætlunar um innviði 2018-2020 - Efnislegir innviðir og önnur staðbundin verkefni

*stjörnumerkt verkefni hefjast árið 2018

| Staður | Sveitarfélag | Umsjónarleg ábyrgð | Verndarflokkun | Stutt lýsing verkefnis | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vatnsfjörður - samtals | | | | | **2.550.000** | |
| **Vesturdalur/Langavatns höfði** | Norðurþing | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Malbikaður stígur frá bílastæði | 15.000.000 | |
| | | | | Þurrsalerni | 15.000.000 | |
| Vesturdalur/Langavatnshöfði - samtals | | | | | **30.000.000** | |
| **Vikraborgir** | Skútustaðahreppur | Vatnajökulsþjóðgarður | Þjóðgarður | Göngupallar og frágangur við Vikraborgir | 15.000.000 | |
| Vikraborgir - samtals | | | | | **15.000.000** | |
| **Þinghelgi** | Bláskógabyggð | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | Þjóðgarður | Deiliskipulagsgerð fyrir svæðið frá Hakinu niður að þjónustumiðstöð á Leirum | 10.000.000 | * |
| | | | | Endurbygging göngupalls að Öxarárfossi | 15.000.000 | * |
| | | | | Gönguleið úr Stekkjargjá, tenging við Vallakrók | 20.000.000 | |
| | | | | Styrking og uppbygging göngustíga í sunnanverðri þinghelgi | 10.000.000 | |
| | | | | Vallakrókur - aðkoma og gönguleiðir | 20.000.000 | |
| Þinghelgi - samtals | | | | | **75.000.000** | |
| **Þingvallahraun** | Bláskógabyggð | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | Þjóðgarður | Bílastæði (snúningstæði) við Davíðsgjá í Þingvallahrauni | 20.000.000 | |
| | | | | Uppbygging stígakerfis í Þingvallahrauni, malarstígar. | 20.000.000 | * |
| Þingvallahraun - samtals | | | | | **40.000.000** | |
| **Þórsmörk og Goðaland** | Rangárþing ytra | Skógræktin | Á Náttúruminjaskrá | Viðhald og merking gönguleiða til að auka öryggi ferðamanna og vernda náttúru. | 45.000.000 | * |
| Þórsmörk og Goðaland - samtals | | | | | **45.000.000** | |
| **Þrístapar** | Húnavatnshreppur | Minjastofnun Íslands | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Þrístapar - bætt upplýsingagjöf um minjar á staðnum | 1.000.000 | * |
| | | | | Þrístapar - lagfæring á hleðslum og viðhald svæðis í samvinnu við sveitarfélag | 1.500.000 | * |
| | | Húnavatnshreppur | Friðlýstar/friðaðar fornminjar | Bílastæði við Þrístapa í samvinnu við Vegagerðina | 10.000.000 | |
| | | | | Göngustígur frá bílastæði að aftökupalli við Þrístapa í samvinnu við Minjastofnun | 5.000.000 | |
| Þrístapar - samtals | | | | | **17.500.000** | |
| **Öndverðarnes** | Snæfellsbær | Umhverfisstofnun | Þjóðgarður | Bættur göngustígur í Öndverðarnesi | 2.000.000 | |
| Öndverðarnes - samtals | | | | | **2.000.000** | |
| **Samtals** | | | | | **1.489.894.000** | |